

4. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 17. febrúar 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Fyrri fundargerð

Fundargerð fundar framkvæmdanefndar 5. desember 2022 var lesin upp og samþykkt.

2. Vinnureglur framkvæmdanefndar

AÁN las upp drög að vinnureglum fyrir framkvæmdanefnd og fóru fram umræður um þau. Ákveðið að halda málinu áfram.

3. Fjármál Þjóðkirkjunnar

BG kynnti fjárhagsuppgjör vegna janúarmánaðar 2023 og stöðu á endurskoðun vegna rekstrarársins 2022.

4. Kjaramál

Umræður fóru fram um kjaramál Þjóðkirkjunnar.

5. Fasteignamál

- a) Skálholt: BG upplýsti framkvæmdanefnd um stöðu mála vegna framkvæmda og hitaveitu í Skálholti.
- b) Skeggjastaðir: BG kynnti ósk sem borist hafði um að fá keypt fjárhúsið á Skeggjastöðum. BG tilkynnti að erindinu yrði hafnað.
- c) Saurbær: BG lagði fram erindi Mílu um leigu á lóð undir tækjahús og mastur. Ákveðið að Rekstrarstofa skyldi kanna málið nánar.
- d) Hof: BG lagði fram bréf sóknarnefndar Hofskirkju um ósk tilgreindra aðila um að leigja skógarreitinn á Þorsteinsstöðum. Ákveðið að hefja samningsviðræður við umsóknaraðila.
- e) Reykholt: BG lagði fram tilboð Tryggva Konráðssonar, staðarráðsmanns hjá Snorrastofu, í fjárhús og hlöðu. Ákveðið að hafna tilboðinu en skoða málið áfram.
- f) Oddi: AÁN lagði fram drög að samningi við Landgræðsluna um endurheimt votlendis á jörðinni Odda. Framkvæmdanefnd samþykkir samninginn með fyrirvara um samþykki Kirkjupings. AÁN mun koma erindinu til Kirkjupings.
- g) Borg: BG kynnti úttektarskýrslu vegna Borgar á Mýrum og fyrirhugað uppgjör á grundvelli þess.
- h) Sölulisti: Sölulisti fasteigna var ræddur.

Að fundarliðnum loknum komu frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, og Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjupings, inn á fundinn.

AMS óskaði eftir umræðum um uppgjör vegna Borgar á Mýrum og var það mál rætt.

6. Húsnæðismál

Rædd var staðan á húsnæðismálum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar og gerði ÁH grein fyrir störfum húsnæðisnefndarinnar.

7. Fjárhagsáætlun

AMS óskaði eftir sundurliðun á fjárhagsáætlun og uppgjöri ársins 2022. BG mun afhenda það í samstarfi við starfsmenn Rekstrarstofu.

8. Kirkjuþing

DH upplýsti um fyrirkomulag Kirkjuþings í mars og apríl og fóru fram umræður um það.

9. Vinnureglur

AÁN kynnti drög að vinnureglum og ferlum fyrir framkvæmdanefnd, þau sömu og rædd voru undir lið 2. Fóru fram umræður um verkferla.

10. Tónskólinn og staða söngmálastjóra

EMS bar fram fyrirspurn til AMS um stöðu skólastjóra Tónskólans og söngmálastjóra. Upplýsti AMS að það yrði ein staða. Var staða og rekstur Tónskólans og söngmálastjóra rædd. Framkvæmdanefnd fer fram á samráð við Rekstrarstofu áður en staðan verði auglýst í samræmi við samþykkt Kirkjuþings.

DH og AMS viku af fundinum.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:10.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.